

Nd.

68. Frumvarp til laga

[50. mál]

um tekjuskattsviðauka árið 1950.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1950 leggja á tekjur ársins 1949 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9—10 þús. kr.	greiðist	20 kr. af	9 þús. og	4 % af afgangi.
— 10—12	— — —	—	60	— — 10	— — 5 — — —
— 12—14	— — —	—	160	— — 12	— — 6 — — —
— 14—17	— — —	—	280	— — 14	— — 7 — — —
— 17—20	— — —	—	490	— — 17	— — 8 — — —
— 20—25	— — —	—	730	— — 20	— — 9 — — —
— 25—30	— — —	—	1180	— — 25	— — 10 — — —
— 30—40	— — —	—	1680	— — 30	— — 11 — — —
— 40—100	— — —	—	2780	— — 40	— — 12 — — —
— 100—125	— — —	—	9980	— — 100	— — 10 — — —
— 125—150	— — —	—	12480	— — 125	— — 7 — — —
— 150—200	— — —	—	14230	— — 150	— — 5 — — —
— 200	— — —	—	16730	— — 200	— — —

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum, sem nú eru í gildi, um tekjuskattsviðauka, að öðru leyti en því, að það nær til ársins 1950. Tekjuþörf ríkissjóðs hefur ekki rénað, og því er frumvarpið borið fram.